# Stærðfræði 6. bekkur

Kennarar: Unnur Erla Sveinbjörnsdóttir 6

## Lýsing

Búnar eru til stuttar lotur um hvern efnisþátt. Nemendur vinna sjálfstætt eftir vikuáætlunum og í lok hverrar lotu er tekið próf úr efnisþættinum.

Efnisþættir vetrarins eru: talnareikningur, hlutföll, rúmfræði og líkindareikingur.

Lögð er áhersla á sjálfstæð vinnubrögð og að nemendur þjálfist í fjölbreyttum aðferðum stærðfræðinnar.

## Kennsluaðferðir og fyrirkomulag

Búnar eru til stuttar lotur um hvern efnisþátt. Nemendur vinna sjálfstætt eftir vikuáætlunum og í lok hverrar lotu er tekið könnun úr efnisþættinum.

Efnisþættir vetrarins eru: talnareikningur, hlutföll, rúmfræði og líkindareikingur.
Lögð er áhersla á sjálfstæð vinnubrögð og að nemendur þjálfist í fjölbreyttum aðferðum stærðfræðinnar.

## Námsaðlögun

Komið er til móts við hvern nemanda eins og þarf með einstaklingsmiðuðum áætlunum.

## Námsmat

Námsmat er margþætt og byggist á nokkrum þáttum.

Skráð námsmat í Mentor er tvíþætt. Annars vegar eru hæfniviðmið metin sífellt yfir skólaárið og hins vegar fá nemendur lokamat í hverri námsgrein tvisvar á skólaárinu.

Einkunnaskali sem notaður er til að meta viðmið úr námskrám er eftirfarandi:

⁎ Framúrskarandi
ⱽ Hæfni náð
◇ Á góðri leið
◯ Þarfnast þjálfunar
X Hæfni ekki náð

Námsmat sem notað er sem lokamat er:

A = Framúrskarandi
B+ = Mjög góð hæfni og frammistaða
B = Góð hæfni og frammistaða
C+ = Á góðri leið
C = Sæmileg hæfni og frammistaða
D = Hæfni og frammistöðu ábótavant

VS Stærðfræði fyrir 6.bekk-þrepamarkmið

- **Hæfnieinkunn (A-D)**

VS Stærðfræði fyrir 6.bekk-þrepamarkmið - Vinnubrögð og beiting stærðfræðinnar

- Getur leyst og tekið þátt í samræðum um lausnir stærðfræðiverkefna með fjölda 0-10.000.000
- Þekkir metrakerfið og getur breytt milli helstu eininga.
- Notar og les rétt úr merkjunum > t; =.

VS Stærðfræði fyrir 6.bekk-þrepamarkmið - Tölur og reikningur

- Skilur samlagningu og frádrátt.
- Skilur deilingu og geti deilt með allt að tveimur tölum.
- Getur raðað tölum með allt að 3 aukastöfum eftir stærð.
- Getur margfaldað saman heila tölu og tugabrot.
- Þekkir frumtölur og eiginleika þeirra.
- Getur skráð tímasetningu með 24 klukkustunda kerfinu.
- Getur fundið heild út frá broti.
- Kann að lengja og stytta almenn brot.
- Getur borið saman jafngild brot.
- Skilur sætiskerfið og uppbyggingu þess.
- Kann námundun.
- Getur margfaldað tugabrot með einum aukastaf með 10, 100 og 1000 án vasareiknis.
- Getur fundið frumþætti samsettrar tölu.
- Getur skráð hluta af heild (hlutfall) sem almennt brot.
- Getur fundið heild út frá broti, þar sem brotið er einingarbrot (1/2, 1/3, 1/4, o.s.frv.).

- Getur lagt saman og dregið frá ósamnefnd brot.
- Geti margfaldað saman heila tölu og brot
- Skilur margföldun og getur margfaldað með allt að þremur tölum.
- Getur skráð gildi tölustafa frá 10Þ sæti og niður í 1/1000 hluta
- Getur reiknað samlagningar- og frádráttardæmi með negatívum/neikvæðum tölum þegar útkoman er einnig neikvæð.
- Getur sagt til um hversu langur tími er á milli tveggja tímasetninga.
- Gerir sér grein fyrir því að heild getur verið mismunandi stór
- Getur fundið hlutfall (einingarbrot, 1/2, 1/3, 1/4, o.s.frv.) af heild
- Kann að breyta almennum brotum í prósentur og finna 10% og 25%.

## VS Stærðfræði fyrir 6.bekk-þrepamarkmið - Algebra

- Kynnist forgangsröð aðgerða.
- Getur leyst samlagningu og frádrátt jafna með einni óþekktri stærð.
- Getur unnið með talnamynstur út frá almennum brotum

## VS Stærðfræði fyrir 6.bekk-þrepamarkmið - Rúmfræði og mælingar

- Þríhyrningar. Þekkir og getur lýst: -Rétthyrndum þríhyrningi. -Gleiðhyrndum þríhyrningi. -Hvasshyrndum þríhyrningi.
- Getur reiknað flatarmál ferhyrninga og þríhyrninga.
- Getur fundið óþekkt horn í ferhyrningi og þríhyrningi
- Geti reiknað yfirborðsflatarmál ferstrendinga.
- Þekkir helstu skammstafanir í metrakerfinu m, cm, dm, mm, km, l, dl, ml, g, kg
- Getur lesið hnit af hnitakerfi með neikvæðum og jákvæðum tölum
- Getur teiknað í hnitakerfi eftir leiðbeiningum og fundið síðasta punktinn í myndinni
- Þekki helstu þrívíðu formin
- Ferhyrningar. Þekkir og getur lýst: -Rétthyrningur -Ferningi -Tígli -Samsíðungi -Trapisu

- Getur reiknað flatarmál ferhyrninga og þríhyrninga út frá formúlum.
- Getur mælt og teiknað horn.
- Getur lesið af hitamælum og staðsett neikvæðar tölur á talnalínu.
- Getur speglað um x og y ás í hnitakerfi.
- Getur nýtt sér þekkingu á hnitakerfi til að lesa upplýsingar úr kortabók.
- Geti unnið með mælikvarða og geti stækkað og minnkað myndir á ákvenum hlutföllum.
- Teiknar ferhyrninga og rétthyrninga eftir fyrirmælum.
- Getur reiknað ummál marghyrninga.
- Þekkir hornasummu þríhyrnings og ferhyrnings.
- Getur fundið rúmmál ferstrendinga á hlutbundinn hátt.
- Getur borið saman hitastig og reiknað hitamun.
- Getur hliðrað mynd bæði til hliðar og upp og niður.
- Þekki helstu tvívíðu formin
- Geti unnið með hlutföll í daglegu lífi eins og hraða, blöndur og kílóverð

## VS Stærðfræði fyrir 6.bekk-þrepamarkmið - Tölfræði og líkindi

- Getur framkvæmt og unnið úr einföldum könnunum
- Getur skráð einfaldar líkur sem almenn brot.
- Getur sett upp tíðnitöflu.
- Getur teiknað súlurit, stöplarit og línurit út frá tíðnitöflu.

## NÁMSEFNI/GÖGN

- Stika 2a
- Stika 2b